

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til 39
þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi felldar samþykktir nr. 21 1. júní
10. paril 1931 og nr. 57 31. júlí 1936, um viðauka við samþykkt nr. 18 12. apríl 1921.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Gunnl. E. Briem.

G J A L D S K R Á

vatnsveitu Dalvíkurþorps.

40

3. júní

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt árlega. Skal skatturinn lagður á eftir virðingarverði húsanna til húsaskatts. Upphæð vatnsskattsins er þannig:

Íbúðarhús, sölubúðir og önnur slík hús.

Af húsum virtum upp í 5000 kr. greiðist 5 ‰

— — — yfir 5000 — upp í 10000 greiðist 4½ —

— — — — 10000 — greiðist 4 —

2. gr.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annara en venjulegra heimilisparfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd. Sömuleiðis fyrir hreyfivélar, verksmíðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, og til hvernar annarar slíkrar notkunar.

Fyrir vatnssalerni greiðist 5 kr. og fyrir hvern stórgrip 4 kr. árlega og fyrir vatnshana utanhúss greiðist 4 kr.

3. gr.

1. Fyrir vatn til fiskþvottar skal greiða 20 auro fyrir hvert skippund fiskjar.
2. Fyrir vatn í sildar- eða kjötpækil skal greiða 10 auro fyrir hverja tunnu sildar og 20 auro fyrir hverja tunnu kjöts.
3. Fyrir vatn til skipa skal greiða 2 kr. við afhendingu fyrir smálestina, þó sé aldrei greitt minna í hvert skipti en 6 krónur fyrir fiskiskip og 15 krónur önnur skip, enda hefir enginn leyfi til þess að selja vatn eða gefa til skipa, nema vatnsveitan sjálf. Vatnsvirkjari skal sjá um afhendingu vatns til skipa.

4. gr.

Gjöld þessi getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað eftir ástæðum allt að 20%, þó má gjaldið aldrei fara fram úr 5‰ af fasteignamatsverði húseigna, er skatti þessum eiga að svara.

5. gr.

Gjaldskrá vatnsskatts er 1. maí og 1. október ár hvert og greiðist helmingur skattsins á hvorum gjalddaga. Skatturinn greiðist í fyrsta sinn 1. júlí 1938. Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu vatnsskatts og má taka hann lögtaki.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vantalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. júlí 1938 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.